



HRUNAMANNAHREPPUR

39. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 8. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 10. ÁGÚST 2017

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 10. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnáði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir tvö mál, fundargerð 19. fundar veitustjórnar frá 9. ágúst s.l og gjaldfrjáls skólagögn í Flúðaskóla. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Drög að Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Seinni umræða.
2. Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Stækkun friðlands í Þjórsárverum.
3. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstarleyfi Efra-Sel, flokkur III
4. Samgönguráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um fjármál sveitarfélaga.
5. Hrókurinn: Beiðni um styrk vegna grænlandssöfnunar Hróksins.
6. Lögreglustjórinn á Suðurlandi: Almannavarnarvika.
7. Vegagerðin: Hámarkshraði á Langholtsvegi.
8. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Hrunalaug.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

9. Fundargerð 137. fundar skipulagsnefndar frá 6. júlí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní s.l.
Mál nr. 3: Birkibýggð. Deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 851. fundar stjórnar frá 30. júní s.l.

Kynningarmál:

- b. Forsætisráðuneytið: Þjóðlendur.
- c. Akurgerði: Verkfundargerð.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Drög að Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Seinni umræða.**
Oddviti kynnti drög að Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi.
2. **Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Stækkun friðlands í Þjórsárverum.**
Oddviti kynnti fyrirhugaða stækkun friðlands í Þjórsárverum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við skilmála friðlýsingarinnar og fagnar fyrirhugaðri stækkun friðlandsins.
3. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstrarleyfi á Efra-Seli, flokkur III.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi á Efra-Seli vegna Kaffi-Sels ehf. Sveitarstjórn samþykkir erindið. Unnsteinn vikur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

4. **Samgönguráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um fjármál sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Samgönguráðuneytinu um drög að reglugerð um fjármál sveitarfélaga. Sveitarstjórn styður umræddar breytingar enda til þess fallnar að leiðrétta áhrif lífeyrisskuldbindinga sveitarfélaga.
5. **Hrókurinn: Beiðni um styrk vegna grænlandssöfnunar Hróksins.**
Oddviti kynnti beiðni frá skákfélaginu Hróknum vegna Grænlandssöfnunar. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja málefnið um kr. 50.000. Kostnaður bókast inn á lið 2140.
6. **Lögreglustjórinn á Suðurlandi: Almannaþingarmarkaður.**
Oddviti kynnti tillögu frá Lögreglunni á Suðurlandi um að haldnar verði sérstakar almannaþingarmarkaður í hverju sveitarfélagi. Lagt er til að almannaþingarmarkaður verði í Hrunamannahreppi 25.-28. september nk. Sveitarstjórn samþykkir erindið.
7. **Vegagerðin: Hámarkshraði á Langholtsvegi.**
Oddviti kynnti tilkynningu frá Vegagerðinni þar sem fram kemur að vegna hönnunar á þeim hluta Langholtsvegur sem verið er að leggja bundið slitlag á frá Flúðum sé lagt til að hámarkshraði á þeim hluta vegarins verði aðeins 70km/klst. Sveitarstjórn lýsir furðu sinni á því að við hönnun nýs vegar með bundnu slitlagi sem taki við eldri malarvegi eigi hámarkshraði vegarins að lækka. Að mati sveitarstjórnar er það lágmarkskrafa við hönnun vega með eins mikinn umferðarþunga eins og er á Langholtsvegi að vegurinn þoli hámarkshraða upp að 90 km/klst í samræmi við aðra vegi í sveitarfélaginu með bundnu slitlagi. Sveitarstjórn krefst þess að Vegagerðin bregðist tafarlaust við með þeim hætti að vegurinn verði með 90 km/klst. Þá ítrekar sveitarstjórn þær athugasemdir sem fram hafa komið varðandi heimkeyrslur og reiðvegi.
8. **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Hrunalaug.**
Oddviti kynnti afgreiðslu erindis frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða þar sem hafnað var beiðni sveitarfélagsins og landeiganda að gera minni háttar breytingar á ráðstöfun styrks úr sjóðnum vegna Hrunalaugar. Beiðnin laut að því að fara fram á að færa hluta styrks vegna stígagerðar yfir í stækkun bílastæðis en ófremdarástand hefur skapast þar sem bílum hefur verið lagt á þjóðvegnum og utan núverandi bílastæðis. Sveitarstjórn lýsir furðu sinni á því að ekki sé hægt að bregðast við aðkallandi aðstæðum sem koma upp og ósveigjanleika sjóðsins. Bent er á að hvorki landeigandi né sveitarfélagið hafi beina hagsmuni eða tekjur af því að fá ferðamenn í Hrunalaug og verið sé að bregðast við gríðarlegum ágangi ferðamanna sem skaðað hefur umhverfi svæðisins og truflar almennt aðra nágretta Hrunalaugar. Styrkur til Hrunalaugar er skilgreindur sem verndaraðgerð og því óskiljanlegt að Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða stuðli að því að koma í veg fyrir nauðsynlegar aðgerðir. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að kæra ákvörðun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til ráðherra ferðamála.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

9. **Fundargerð 137. fundar skipulagsnefndar frá 6. júlí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 137. fundar skipulagsnefndar frá 6. júlí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 3: Birkibýggð. Deiliskipulagsbreyting.
Lögð var fram deiliskipulagsbreyting vegna frístundabyggðar sem kallast Birkibýggð. Gert er ráð fyrir stækkun skipulagssvæðisins þar sem gert er ráð fyrir 6 nýjum lóðum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða því þarf að gera breytingu á deiliskipulagi aðliggjandi svæða sem felst í að göngustígur sem fer út fyrir land Högnastaða verði felldur út en slík breyting telst óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og því ekki þörf á grenndarkynningu. Þá þarf að liggja fyrir við stofnun lóða nr. 10 og 12 samþykki aðliggjandi lands á hnitsetningu landamarka.
Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní s.l.

Önnur mál:

10. Veitustjórn: Fundargerð 19. fundar nefndarinnar 9. ágúst s.l

Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar frá 9. ágúst s.l. Farið var yfir beiðni Centra fyrirtækjaráðgjafar hf um samstarf um raforkuframleiðslu og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

11. Gjaldfrjáls skólagögn í Flúðaskóla.

Oddviti ræddi möguleika á því að bjóða að fullu upp á gjaldfrjáls skólagögn í Flúðaskóla en síðasta skólaár var boðið upp á skólagögn að hluta. Sveitarstjórn samþykkir að boðið verði upp á nauðsynleg skólagögn án endurgjalds í Flúðaskóla frá og með næsta skólaári.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 851. fundar stjórnar frá 30. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

b. Forsætisráðuneytið: Þjóðlundur.

Lagt fram til kynningar.

c. Akurgerði: Verkfundargerð.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.45.